

1868.

4. septbr.

**52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um sekt fyrir ólög-
mætar fiskiveiðar.**

Til framhalds bréfum dómsmálastjórnarinnar 26. marzmán. og 19. júnímán. þ. á. skal yður hér með kunngjört, herra amtmaður, að utanríkisstjórnin nú hefir sent hingað 50 rd., er

fleytt þangað til á einmánuði 1849, eða í 4 ár, er hann flutti sig með allt sitt suður í Snæfellsnessýslu. Amtið gat þannig ekki með úrskurði sínum dæmt hyski Jóns sáluga sveitlægt á Skarðsstrandarhrepp, en af því leiðir aptur, að fæðingarhrepnr Jóns Jónssonar — þareð hann samkvæmt skýrslum þeim, sem hingað hafa komið um verustaði hans, ekki neinstaðar annarstaðar hefir dvalið svo lengi samfleytt, eins og þarf til að vinna sér sveit — verður að annast hyski hans framvegis, og að endurgjalda styrk þann, er það hefir fengið fyrirfram af Breiðuvíkurbrepp.

Þareð það nú verður að álitast fullsannað samkvæmt framangreindu bréfi sýslumannsins í Mýra- og Hnappadalssýslu, að tédur Jón Jónsson sé fæddur á Snorrastöðum í Kolbeinstaðahrepp, og því eru enn fremur til stuðnings skýrteini, er hingað hafa borizt frá þremur áreiðanlegum mönnum í Breiðuvíkurbrepp og Staðarsveit, er verður að álita óvilhalla, því fremur, sem aldrei hefir verið umtalsmál að Jón sálugi ætti tilkall til að vera sveitlagur í hvorugum þeirra hreppa, þá úrskurðar amtið hér með, að Margrét Jónasdóttir á Grimstöðum, ekkja Jóns heitins Jónssonar, skuli ásamt börnum sínum eiga sveit á Kolbeinsstaðahrepp í Hnappadalssýslu, og að hreppurinn skuli endurgjalda bráðabirgðastyrk þann, 24 vættir og 20 fiska að upphæð, sem ekkjunni hefir verið hjálpað nm af Breiðuvíkurbrepp í Snæfellsnessýslu, og verður sveitarstjórnin í Breiðuvíkurbrepp að fara hinni mestu sanngirni fram í heimtingu kröfu þessarar, þareð það, bæði vegna þess að hinn umræddi bráðabirgðastyrkur er orðinn allmikill, og vegna hins bágborna ástands hreppanna hér um allt, sem kemur af undanförunum harðærum, verður ómögulegt fyrir Kolbeinstaðahrepp að ljúka allri skuldinni í einu.

Af þessum úrskurði hefir amtið sent sýslumanninum í Mýra- og Hnappadalssýslu eptirrit í dag, og skorað á hann að gjöra allar þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að tekið verði við Margrétu Jónasdóttur og börnum hennar í Kolbeinstaðahrepp.

A. Jóhannesson, skipherra á skonnortunni Áróru frá Mandal, hefir goldið í sekt fyrir ólögmætar fiskiveiðar sínar í fyrra á Eyjafirði, og að fê þetta hefir verið greidd í aðalféhirzluna hér í bænum, sem íslenzk tekjugrein, er rennur í ríkissjóðinn.

1868.
4. septbr.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um styrk handa borgaraliði Vestmannaeyinga til verðlauna.

4. septbr.

Í bréfi því, er hér með fylgir í eptirriti og borizt hefir hingað beina leið, hefir Bjarni Magnússon, sýslumaður á Vestmannaeyjum skýrt frá, að nú í ár hafi verið skotið saman 30 rd. til framfara og þroska hinu sjálfviljuga borgaraliði á Vestmannaeyjum, og hafi J. P. T. Bryde, íslenzkur kaupmaður, er það hefir valið sèr til foringja, ábyrgzt, að sama upphæð skuli goldin framvegis á hverju ári, meðan hann er foringi liðsins. Hefir sýslumaðurinn þar á ofan sókt um, að tæðu borgaraliði verði veittir, samkvæmt lofordi stjórnarráðsins í bréfi 8. nóvembermán. 1866, 20 til 30 rd. á ári til verðlauna handa þeim af liðsmönnum, sem skara fram úr öðrum að skotfimi eða í heræfingum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að stjórnarráðið veitir þessu sjálfviljuga liði 20 rd. styrk í þessu skyni fyrir fjárhagsárið, sem nú er að líða, og skal styrkurinn greiddur af fê því, sem ætlað er í fjárhagslögunum til óvissra gjalda handa Íslandi. Landfógetanum á Íslandi hefir verið skrifað um þetta í dag.